



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	5. fundur stjórnar KLÍ 2019-2020
Staðsetning:	Skrifstofa KLÍ
Hvenær:	2. janúar 2020 kl. 18:00
Þátttakendur:	Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ) Formaður Hafþór Harðarson (HH) Varaformaður Ingi Geir Sveinsson (IGS) Ritari Einar Jóel Ingólfsson (EJI) Meðstjórnandi Stefán Claessen (SC) Meðstjórnandi
Boðuð forföll:	Kristján Ó Davíðsson (KÓD) Íþróttastjóri Þórarinn Már Þorbjörnsson (PMP) Framkvæmdarstjóri
Fjarverandi:	Björn Kristinsson (BK) 3. varamaður
Fundarritari:	IGS

Dagskrá fundar

Fundargerð síðasta fundar	1
Bréf frá foreldri tekið fyrir	1
Fyrirspurn frá keilara varðandi inneign hjá sambandinu.	1
Þjálfaramál.	1
Önnur mál.....	2

Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Bréf frá foreldri tekið fyrir.

Landsliðsverkefni, Vináttuleikar í Doha, Katar.

Foreldri hefur ritað bréf til stjórnar KLÍ og ÍSÍ og lýst yfir áhyggjum í tengslum við verkefnið, vegna umgjörðar og vals. Atvik hafi átt sér stað í síðustu Doha ferð og foreldrið ekki sátt með hvernig það var afgreitt. Farið var vel yfir málið og niðurstaðan var að leggja til breytingar á verkferlum innan sambandsins í kjölfarið. Rætt verður við Landsliðsnefnd og þjálfara um þær breytingar og vænst er að niðurstaða verði klár ekki seinna en eftir viku.

Fyrirspurn frá keilara varðandi inneign hjá sambandinu.

Keilari telur sig eiga inni hjá sambandinu en samkvæmt bókhaldi þá virðist það ekki vera. JÁJ mun svara keilara og útskýra hlið sambandsins.

Þjálfaramál.

Rætt var um að ETBF 1 stigs námskeið verði haldið í Febrúar, verður kynnt síðar.

Önnur mál.

Vegna fyrirspurnar um aldur þeirra sem geta farið á ETBF námskeið þá vill sambandið ítreka að lágmarks aldur sé það viðmið að viðkomandi sé sjálfráða. Einnig er beðið eftir svári frá ETBF með aldurstakmörk fyrir námskeiðin.

Fundi slitið 20:00